

## Fundargerð stjórnar KFÍ

Stjórnarfundur haldinn í Vestrahúsinu fimmtudaginn 14. janúar 2016 kl. 12:15

Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, Shiran Þórisson, Guðmundur Einarsson og Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

### 1. Stofnfundur Vestra

Á félagsfundi Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar, sem haldinn var 18. nóvember síðastliðinn, var stjórn Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar gefin heimild til að koma að stofnun Íþróttafélagsins Vestra með það fyrir augum að Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar verði eftirleiðis Körfuknattleiksdeild Vestra.

Með vísan í samþykkt þessa gefur stjórn félagsins hér með Inga Birni Guðnasyni fullt umboð fyrir sína hönd, til undirritunar viðeigandi skjala, á stofnfundi Íþróttafélagsins Vestra 16. janúar 2016.

Fleira var ekki rætt á fundinum og honum slitið kl. 12:25.

Ingólfur Þorleifsson  
Shiran Þórisson  
Guðmundur Einarsson  
Birna Lárusdóttir  
Ingi Björn Guðnason